

## Úrskurður

aganefndar Kraftlyftingasambands Íslands

nr. 1/2017

6. febrúar 2017 og leiðréttur 30. október 2017

Þann 7. nóvember 2016 framsendi stjórn Kraftlyftingasambands Íslands (hér eftir „KRAFT“) erindi til aganefndar KRAFT (hér eftir „aganefnd“) sem hafði borist stjórninni frá Aron Lee Teitssyni, Huldu Elsu Björgvinsdóttur og Ásu Ólafsdóttur. Erindið lýsir atviki sem átti sér stað á Íslandsmeistaramóti í réttstöðu 10. september 2016 og varðar þátttöku keppandans Huldu Waage sem er keppandi KFA. Málsvik eru þannig að Hulda Waage mætti í vigtun og reyndist of þung til að taka þátt í keppni í -72kg flokki. Hún tilkynnti í vigtun að það hefðu orðið mistök í skráningu hennar og að hún hefði átt að vera skráð í næsta flokk fyrir ofan. Leiðrétting hafi verið send þess efnis. Þá kölluðu dómarmar eftir skráningartilkynningu frá KFA sem og upplýsingum um hvort breytingartilkynning hefði borist. Í ljós kom að í upphaflegri skráningartilkynningu var Hulda tilkynnt í -72kg flokki. Síðan segir í erindinu að samkvæmt reglum eigi að tilkynna um allar breytingar 21 degi fyrir mót og að slík tilkynning hafi aldrei borist. Því hafi dómarmar tilkynnt keppandanum að hún gæti ekki keppt.

Hulda óskaði þá eftir að keppa sem gestakeppandi en skv. 1. gr. reglugerðar KRAFT um kraftlyftingakeppni er mótshaldari framkvæmdaraðili móts og heldur það í umboði KRAFT. Mótshaldari tilkynnti dómurum að hann myndi heimila henni að keppa sem gestakeppandi. Við nánari skoðun málsins bentu dómarmar mótshaldara og keppandanum á að það væri ekki heimilt samkvæmt reglugerð KRAFT. Til þess þyrfti samþykki stjórnar KRAFT. Var mótshaldara, keppanda og þjálfara hennar bent á 8. gr. reglugerðar KRAFT þar sem reglan kemur fram. Mótshaldari ákvað samt sem áður að leyfa keppandanum að taka þátt sem gestakeppandi og vísaði þar m.a. til eldra fordæmis. Þau sem erindið skrifa segjast hafa rætt við mótshaldara og komið þeirri skoðun sinni á framfæri að þátttaka keppandans á þeim forsendum færi gegn reglugerð KRAFT og að keppandanum væri ekki heimilt að keppa nema með samþykki stjórnar KRAFT. Síðan segir í erindinu að mótshaldari hafi ekki tekið mótmælin til greina og höfundar erindis taka fram að þau vilji koma öllu ofangreindu á framfæri við stjórn KRAFT.

### **Málsmeðferð aganefndar:**

Aganefnd KRAFT hefur fjallað um málið og telur ekki ástæðu til að fjalla um þann hluta er snýr að gjörðum Huldu beint, enda braut hún engar reglur með því að óska eftir því að vera gestakeppandi í umræddu móti. Hins vegar telur aganefnd ástæðu til að fjalla um þann hluta er snýr að Þorbergi Guðmundssyni sem er formaður Kraftlyftingadeildar *Harðar*, félagsins sem stóð fyrir mótinu og sem heimilaði Huldu að keppa sem gestakeppandi á umræddu móti.

Aganefnd sendi erindið til Þorbergs þann 5. desember 2016 þar sem honum var kynnt framangreint og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum innan 7 daga. Þorbergur hefur ekki kosið að koma athugasemdum á framfæri.

Í reglugerð KRAFT um kraftlyftingakeppni segir í 8. gr. sem fjallar um hlutgengi:

“Rétt til þátttöku í mótum hafa allir meðlimir aðildarfélaga KRAFT sem eru skuldlausir við sambandið og sín félög og eru skráðir iðkendur í kraftlyftingafélagi í Felix.

Erlendum ríkisborgurum er heimil þátttaka í mótum af mótaskrá KRAFT, en geta ekki sett Íslandsmet né hlotið Íslandsmeistaratitil.

Til að mega keppa á mótum innan KRAFT þarf keppandi að vera skráður kraftlyftingaiðkandi í aðildarfélag innan KRAFT a.m.k. mánuði fyrir mótisdag. Ef um er að ræða meistaramót þarf viðkomandi að vera skráður a.m.k. þrjá mánuði fyrir mótisdag.

Undanþága frá þessu ákvæði, t.d. vegna erlendra gestakeppenda, er háð samþykki stjórnar KRAFT. Erlendir keppendur skulu leggja fram skriflegt leyfi frá sínu sérsambandi.

**Á mótum KRAFT mega þeir einir keppa sem eru hlutgengir skv. mótareglum þessum. Mótshaldara eða öðrum er ekki heimilt að leyfa öðrum að keppa á mótum KRAFT t.d. sem gestakeppendu. Undanþága frá þessu ákvæði er alfarið háð samþykki stjórnar KRAFT.**

Ljóst er að Hulda Waage var skráð til keppni í -72kg flokki á Íslandsmeistaramóti í réttstöðu þann 10. september 2016 og að í vigtun á mótisdegi kom í ljós að hún uppfyllti ekki þyngdar skilyrði til keppnis í þeim flokki að mati dómara mótsins sem tilkynntu henni að hún gæti af þessum sökum ekki keppt. Hulda óskaði þá eftir því að fá að keppa sem gestakeppandi og var heimilað það af mótshaldaranum Kraftlyftingadeild *Harðar* sem Þorbergur Guðmundsson veitir forstöðu. Aganefnd telur óumdeilt að Kraftlyftingadeild *Harðar* hafi brotið í bága við 8. gr. reglugerðar KRAFT um kraftlyftingakeppni þegar félagið sem mótshaldari heimilaði Huldu Waage að keppa sem gestakeppandi á Íslandsmeistaramóti í réttstöðu þann 10. september 2016 án þess að afla samþykkir stjórnar KRAFT fyrir slíkri ákvörðun.

Viðurlög sem aganefnd getur beitt eru áminning, sekt að upphæð kr. 150.000 eða keppnisbann allt að einu ári. Eins og atvikum er háttað og með vísan til 2. mgr. 5. gr. reglugerðar KRAFT um agamál telur aganefnd rétt að veita Kraftlyftingadeild *Harðar* áminningu og sekta félagið um kr. 50.000. Þá telur aganefnd einnig rétt að koma þeim tilmælum til stjórnar KRAFT að hún skoði hvort rétt sé að ógilda mótið.

*Eftir birtingu úrskurðar 6. febrúar 2017 kom í ljós sú augljósa villa í úrskurðinum að málsaðili var þar ranglega nefndur Kraftlyftingadeild UMF. Félagið sem hélt Íslandsmeistaramót í réttstöðu 10. september 2016 heitir réttilega Kraftlyftingadeild *Harðar*. Þetta skýrist af því að upphaflegt erindi stjórnar KRAFT í málinu innihélt rangar upplýsingar um heiti félagsins.*

*Með bréfi stjórnar KRAFT til aganefndar dags. 28. ágúst 2017 var bent á hina augljósu villu. Afrit bréfsins var sent til formanns Kraftlyftingadeildar Harðar og hann upplýstur um þetta.*

*Aganefnd hefur fjallað um málið og ákveðið að leiðrétta hina augljósu villu. Úrskurður þessi bindur því Kraftlyftingadeild Harðar.*

*Réttaráhrif miðast við birtingu leiðréttis úrskurðar.*

#### **Um áfrýjun:**

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar KRAFT um agamál er þessi úrskurður endanlegur.

#### **Úrskurðarorð:**

Kraftlyftingadeild Harðar hefur með ákvörðun sinni brotið gegn 8. gr. reglugerðar KRAFT um kraftlyftingakeppni og hlýtur áminningu og sekt að upphæð kr. 50.000.

Anna Sigríður Arnardóttir

Grétar Dór Sigurðsson

Sturla Ólafsson